

Náttúrulegar og lífrænar húðvörur fyrir börn!



Algjörlega náttúrulegar.
Alveg eins og barnið þitt.



WELEDA



Vörur í hæsta gæðaflokki fyrir smáfólkið

Húð barnsins þíns er miklu þynnri og viðkvæmari en húðin þín. Þess vegna þarfnast hún góðrar umhirðu og verndar. Nú til dags vitum við að húðin drekkur í sig flest það sem kemst í snertingu við hana. Það er staðreynd að mörg efni geta valdið ofnæmi, geta truflað hormónastarfsemina og brotna ekki niður í náttúrunni. Við vitum meira að segja að sum efni auka áhættu á húðvandamálum síðar á ævinni. Það er því mjög mikilvægt að velja vandlega það sem borið er á húð ungra barna.

Hinar sérstaklega mildu húðvörur í Calendula-línunni eru þróaðar í náinni samvinnu við lækna, ljósmæður og lyfjafræðinga. Við notum einungis vel valin náttúruleg hráefni í hæsta gæðaflokki, sem tryggja árangursríka en milda umhirðu á húð barnsins. Við notum aldrei hráefni úr jarðolíum eða gerviefni af neinu tagi (ilmefni, liti eða rotvarnarefni). Grunnurinn að vörunum eru lífrænt ræktaðar Morgunfrúr (Calendula) sem eru þekktar fyrir lækningamátt sinn.

Allar vörunar eru ofnæmisprófaðar á mjög viðkvæmri húð (aldrei á dýrum) og þær má nota allt frá fæðingu. Þær eru líka góðar fyrir eldri börn og fullorðna með viðkvæma húð.

Vörunar eru vottaðar af BDIH í Þýskalandi og NaTrue í Evrópu. Það er þín trygging fyrir því að við notum einungis lífrænt ræktað hráefni í hæsta gæðaflokki og að vinnsluáferðir okkar eru sjálfbærar, bæði fyrir okkur mannfólkið og fyrir náttúruna.





Efnisyfirlit

Vörur í hæsta gæðaflokki fyrir smáfólkið	5
Besta hráefnið fyrir vörur í hæsta gæðaflokki	8
Mikilvægustu hráefnin í barnavörunum okkar	9
Lífrænt ræktuð Morgunfrú – grunnur barnavaranna	11
Mjúkt upphaf nýs lífs	12
Mild hreinsun á viðkvæmri húð	13
Bossakrem	14
Mild umhirða andlits og líkama	15
Áreiðanleg vörn gegn veðri og vindum	16
Tannkrem fyrir barnatennur	16
Weleda Baby á netinu	17
Hið mikilvæga ungbarnanudd	18
Ráðleggingar fyrir ungbarnanudd	19
Fleiri ráð: Hjúkrunarfræðingurinn mælir með:	20
Weleda – fleira en barnavörur	22



“Við óskum Weleda til hamingju, það fyrirtæki er í sérstöku upphaldi hjá okkur. Þessi fallega fram setta vörulína, þar sem einungis eru notuð bestu fánlegu hráefni og þar sem lögd er áhersla á heilsuefingu og vellíðan, á náttúrulegann og öruggann hátt, án tilrauna með dýr og án þess að skaða umhverfið”.



Tilvitnun í breskar ljósmæður þegar Weleda hlaut hina eftirsóttu viðurkenningu “Top Skincare Brand”.



Weleda Baby línan var kosin
“Bestu barnavörurnar”
af Lifescape Magazine í Englandi.

Um það bil 70% ljósmæðra í Þýskalandi mæla með Weleda Calendula vörunum við skjólstæðinga sína. Ástæðan er sú að vörurnar innihalda engar jarðolíur, gervi ilmefni, litarefni eða rotvarnarefni, sem gætu raskað eðlilegri starfsemi húðarinnar.

Fyrir nokkrum árum var ég beðin um að kynna Weleda vörurnar og sýna ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum á barnaeildum meðgöngu- og barnavörur Weleda. Ég er sjálf ljósmóðir og var nýbúin að taka framhaldsnám í anthroposophic lækningum

Ég hef tekið eftir því að áhuginn á Weleda vörum hefur aukist mikið – og ekki aðeins meðal ljósmæðra. Ég held að ástæðan sé sú sama og sú sem fær mig til að mæla með Weleda; aukin meðvitund um hvað er hollt fyrir okkur, börnin okkar og umhverfið.

Þegar þú velur Weleda vörurnar þá ertu um leið að velja umhyggju fyrir manneskjunnar og fyrir jörðinni okkar, þar sem allar vörurnar eru framleiddar úr lífrænt ræktuðu hráefni, án aukaeftna, án gervi ilmefna og rotvarnarefna. Þær eru búnar til úr dýrmætum olíum og fitu beint úr náttúrunni – fitum sem eru líkar húðfitu mannsins. Þess vegna smjúga Weleda vörurnar auðveldlega inn í húðina og gefa henni góðan raka og nauðsynlega fitu.

Morgunfrúin inniheldur efni sem örva eigin lækningamátt húðarinnar. Olíurnar ilma dauft og jafnvel þær eru góðar fyrir húðina. Allt sem smýgur ekki inn í húðina brotnar auðveldlega niður í náttúrunni. Þvert á jarðolíur þá eru þessar olíur endurnýtanlegar.

Það er gott að dekra við líkama ungbarna með bestu hráefnum náttúrunnar og hver veit nema barnið muni snemma verða manneskja með sterka umhverfisvitund sem síðan tekur umhverfisvænar ákvarðanir sem fullorðin manneskja.

*Helena Maas
Ljósmóðir*



Besta hráefnið fyrir vörur í hæsta gæðaflokki

Weleda leitast við að nota einungis náttúruleg hráefni, aðallega úr jurtaríkinu. Flestar jurtirnar eru lífrænt ræktaðar, undir ströngu eftirliti. Weleda sér sjálf um að rækta 250 mismunandi plöntur og allar aðrar eru fengnar í hinu svokallaða “fair trade”-kerfi frá bændum víðsvegar um heiminn.



Mikilvægustu hráefnín í barnavörunum okkar eru eftirfarandi:

Calendula: Róar húðina. Er sérstaklega góð við húðertingu og bólgu.

Hnetuolía: Mjög létt og mild jurtaolía, með fjölómettaðar fitusýrur sem gera húðinni gott. Mýkir þurra húð.

Sesamolía: Mild jurtaolía, rík af andoxunarefnum. Í olíunni er náttúruleg sólarvörn (4) og hún mýkir húðina.

Kamilla: Róar húðina og er þekkt fyrir að koma í veg fyrir sýkingar.

Lanolin: Ullarfeiti. Verndar húðina án þess að minnka öndunarhæfi hennar. Hentar sérstaklega vel þar sem fitan er lík húðfitu mannsins.

Bývax: Er milt náttúrulefni sem verndar án þess að stoppa svitaholur og án þess að trufla eðlilega starfsemi húðarinnar.

Sínkoxíð: Steinefni, laust við þungmálma. Bindur raka og vinnur gegn sýkingum.

Leir: Náttúrulegt þykkiefni og bindur raka.

Fitusýruglýseríð: Er náttúrulegt bindiefni (unnið úr plöntuolíu og plöntuglýseríði), bindur raka og fitu og gefur húðinni nauðsynlegan raka.

Xanþín: Náttúrulegt þykkiefni, unnið úr hinum ýmsu sykurtegundum.

Hreinar ilmkjarnaolúr: eru unnar úr plöntum. Gefa frá sér mildan ilm. Magnið í vörunum er að hámarki 0,5%.



Lífrænt ræktuð Morgunfrú (Calendula) – grunnurinn í barnavörurnar

Calendula officinalis er ein fjölhæfasta og virkasta lækningaplantan fyrir húðina. Þessi planta gengur undir mörgum nöfnum – sem öll endurspeгла bjarta liti og mikinn lækningamátt. Í plöntunni er mikið af virkum efnum og því nýtist hún sérlega vel við endurýjun húðarinnar og er þekkt fyrir að róa og græða húðina. Morgunfrúin hefur þar að auki náttúrulega sóttreinsandi eiginleika.

Weleda hefur þekkt og nýtt sér jákvæða virkni Morgunfrúarinnar á mannshúðina í 90 ár. Á hverju ári ræktum við og vinnum meira en tonn (eða u.þ.b. 800.000 fersk blóm) í okkar eigin lífrænu görðum í Þýskalandi. Blómin eru handtýnd og það er miklægt að það sé gert á nákvæmlega réttum tíma til þess að ná því besta úr plöntunni.

Uppskeran er síðan flutt daglega í verksmiðjur Weleda til frekari vinnslu. Öll hráefni eru prófuð vandlega, það eru aðeins bestu efnin sem eru notuð í framleiðslu húðvaranna okkar. Einungis ef ströngustu skilyrðum er fullnægt eru afurðir plöntunnar notaðar í barnavörur Weleda.

Mjúkt upphaf nýs lífs

* Nursing Tea

Hefur örvandi áhrif á mjólkurframleiðsluna og mjólkurstreymið. Teið er blanda af sérvöldum lífrænt ræktuðum jurtum. Inniheldur, anís, kúmen, fennel, geitatopp og sítrónu. Tesins má neyta frá lokum meðgöngu og allan tímann sem brjóstgjöf stendur yfir.

* Nursing oil

Brjóstaoilían inniheldur hreinar ilmkjarnaolíur úr fennel og kúmenfræjum sem eiga sér langa hefð sem örvandi efni fyrir mjólkurmyndun og mjólkurstreymi. Mönnduolían mýkir og sléttir húðina. Nudd með brjóstaoilíunni styrkir blóðrásina og vermir brjóstin.

* Baby Tummy oil

Pessi olía er sérstaklega þróuð til að bera á maga ungbarna til að róa hann. Með blöndu af hreinum ilmkjarnaolíum úr miriam, kamillu og kardimommum í mildum grunni möndulólíu örvar hún meltinguna og vinnur gegn því að loft myndist í maga ungbarnsins.



Mild hreinsun á viðkvæmri húð

* Calendula Shampoo & Body Wash

Mild sturtusápa og sjampó sem hentar húð og hári ungra barna. Sápan er mjög góð og ertir ekki augun eða húðina. Allir í fjölskyldunni geta notað þessa sápu. Hreinsifnin eru úr sykri og grænmetisólíum.

* Calendula Cream Bath

Morgunfrúarkremaðið er sérlega milt og því kjörið til umhirðu á viðkvæmri húð. Jurtaolíurnar gera húðinni gott og sjá til þess að hún þorni ekki upp. Calendula Cream Bath hentar einnig fullorðnum með viðkvæma húð.

* Calendula Relaxing Bath

Morgunfrúarslökunarbaðið hjálpar börnum að öðlast ró eftir annasaman og fjörugan dag. Efni úr lífrænt ræktaðri Morgunfrú hafa róandi áhrif á viðkvæma húð og hjálpa barninu að ná góðum nætursvefni.

* Calendula Soap

Við mælum sérstaklega með Calendula sápuþykkni fyrir viðkvæma húð barnsins. Einnig kjörið fyrir fullorðna með viðkvæma húð.



Bleyjusvæðið

* Calendula Body Oil

Algjörlega ilmefnalaus olía sem nærir og verndar viðkvæma húð. Hún er kjörin fyrir daglega húðumhirðu, fyrir ungbarnanudd og hreinsun á bleyjusvæðinu. Hana má einnig nota sem baðolíu.

* Calendula Zink Cream

Þetta vinsæla bossakrem virkar mjög vel gegn bruna og húðertingu. Hreint bývax og húðvæn ullarfeiti búa til náttúrulegan hjúp sem ver húðina gegn raka án þess að skerða öndunarhæfni hennar.



Mild umhirða andlits og líkama

* **Calendula Body Oil**

Algjörlega ilmefnalaus olía sem nærir og verndar viðkvæma húð. Hún er kjörin fyrir daglega húðumhirðu, fyrir ungbarnaudd og hreinsun á bleyjusæðinu. Hana má einnig nota sem baðolíu.

* **Calendula Moisturising Body Cream**

Nærandi líkamskrem sem verndar þurra húð og gefur henni nauðsynlegan raka. Má jafnvel nota í forvarnarskyni. Kremið má bera á allan líkamann. Berið á þurra bletti eða allan líkamann eftir bað eða sturtu.

* **Calendula Body Lotion**

Létt og milt Body Lotion, gott fyrir viðkvæma húð. Gefur húðinni raka og gerir hana silkimjúka. Hentar stálpuðum börnum, þar sem það er auðvelt að bera kremið á og það smýgur auðveldlega inn í húðina.

* **Calendula Facial Cream**

Næringarríkt og frekar feitt krem sem verndar hina viðkvæmu húð andlitsins og gefur henni raka. Það er auðvelt að bera kremið á og það smýgur auðveldlega inn í húðina. Hentar sérstaklega rauðum og þurrum litlum kinnum.



Áreiðanleg vörn gegn veðri og vindum

* Calendula Wind and Weather Cream

Algjörlega nauðsynlegt á veturna. Kremið verndar hina viðkvæmu húð andlitsins gegn kulda og vindi. Það inniheldur ekkert vatn og því hentar vel að nota það þegar hitinn fer undir frostmark. Hentar öllum aldurshópum.

Barnatennurnar

* Children's Tooth Gel

Barnatannkremið frá Weleda var þróað í samvinnu við tannlækna. Það er sérstaklega hannað fyrir barnatennur og munn barnsins. Sílikongrunnurinn er mildur en hreinsar tennurnar mjög vel. Regluleg notkun er góð forvörn. Tannkremið má gleypa og það inniheldur ekkert flúor.



Weleda Baby á netinu

Á heimasíðunni okkar www.weleda.is finnurðu Weleda barnabæklinginn í heild sinni. Þar finnurðu upplýsingar um allar barna og meðgönguvörurnar frá Weleda. Einnig ítarlegar upplýsingar um allar aðrar vörulínur frá Weleda, innihaldsefni og fl.

Hin viðkvæma húð ungbarnsins er u.þ.b. fimm sinnum þynnri en húð fullorðins einstaklings. Hún hleypir því meiru í gegnum sig og er viðkvæm fyrir utanaðkomandi áreiti. Ungbarnið er í beinu sambandi við umheiminn í gegnum húðina. Hún fer þó ekki að virka sem fullkomin vernd fyrr en löngu seinna. Þess vegna er það mikilvægt að vernda húðina en passa um leið að næmni hennar verði ekki minna.



Ungbarnanudd er mikilvægt fyrir barnið

Líkamleg tengsl eru mjög mikilvæg fyrir barnið þitt og jafnt traust þess á öðru fólki sem og sjálfstraustið. Það hjálpar barninu að kynnst eigin líkama og getur orðið mikilvægur hluti af sambandi þínu við barnið þitt.

Ungbarnanudd:

- Styrkir samhæfingu vöðva og liðleika
- Örvar blóðrásina og kemur reglu á hjartslátt og öndun
- Kemur jafnvægi á efnaskiptin
- Róar barnið og getur hjálpað því að sofna og ná lengri og betri svefni

Weleda Calendula Body Oil hentar sérstaklega vel fyrir ungbarnanuddið. Ólían er 100% náttúruleg og ofnæmisprófuð. Hinar hreinu jurtaolíur gera húð barnsins gott og – sem er mjög mikilvægt fyrir nudd – verma viðkvæma húð barnsins.





Ungbarnanuð – ráðleggingar

- Það er mikilvægt að vera með allan hugann við barnið.
- Sjáðu til þess að það sé þægilegur hiti í herberginu og breiddu yfir þá líkamshluta barnsins sem þú ert ekki að nudda. Reyndu að forðast óþarfa hávaða og birtu.
- Taktu af þér hringa, úr og armbönd og finndu þér þægalega stellingu þar sem hendur og axlir eru afslappaðar.
- Hitaðu nuddolíuna í höndum þínum áður en þú berð hana á barnið. Byrjaðu nuddið rólega og gefðu barninu ráðrúm til að venjast nuddinu. Gættu þess að nudda blíðlega og laga þig að viðbrögðum barnsins. Notaðu langar, ákveðnar en mjúkar hreyfingar og passaðu að kitla barnið ekki.
- Talaðu lágt og rólega til barnsins en forðastu þó ekki þagnir.
- Reyndu að viðhalda líkamstengslunum, líka þegar þú bætir á nuddolíuna.

Fleiri ráð: Hjúkrunarfræðingurinn okkar mælir með....

Börn sem eru óróleg eða eiga í erfiðleikum með að sofna

Ef barnið er vanalega baðað á kvöldin þá getur þú prófað að setja **Weleda Calendula Relaxing Bath** úti baðvatnið. Það getur hjálpað til við að róa barnið. Ef barninu er kalt á fótunum á það erfitt með að sofna. Að setja hitapoka við fætur þess er gott ráð.

Ef barnið er mjög fjörugt, þá getur verið gott að nudda fætur þess og ökkla með **Weledan Lavender Relaxing Body Oil** áður en það fer að háttá. Berðu olfuna á með mjúkum og hægum hreyfingum, fyrst fæturna, síðan ökkjana og þar næst kálfana. Endurtaktu nokkrum sinnum.

Húðin er mikilvæg vörn sem þarf að vera heilbrigð

Weledan Calendula Shampoo & Body Wash hreinsar húðina og gefur henni raka, án þess að raska náttúrulegu jafnvægi hennar.

Weledan Calendula Body Oil má nota í ungbarnanuddi, jafnvel fyrir nýfædd börn. Einnig má setja olfuna út í baðvatnið ef húð barnsins er þurr.

Weledan Calendula Cream Bath gerir húðina mjúka og fallega.

Þegar barnið þitt er úti í kulda er gott að hafa **Weleda Calendula Wind and Weather Cream** meðferðis. Bera má kremið í andlit barnsins rétt áður en farið er út, þar sem það inniheldur ekki vatn.

Purr húð

Ef húðin er þurr eða rauð á afmörkuðum svæðum eins og t.d. í olnboga- og hnésbótum er tilvalið að bera á hana **Weleda Calendula Zink Cream**. Kremið er einnig mjög gott á bleyjusvæðið og jafnvel á lítil sár. Eftir bað eða sturtu er gott að bera á barnið **Weledan Havtorn Body Oil**. Það inniheldur góðar fitusýrur úr berjum Hafþyrnisins.

Iðrakveisa

Ef barnið þitt er með iðrakveisu eða einkenni sem svipa til hennar þá geturðu prófað **Weleda Baby Tummy Oil**. Það ætti að bera á magann með réttisælis hringlaga hreyfingum. Leggðu síðan hitapoka við maga barnsins til að lina óþægindin. Hægt er að fá lyf við magakveisu í apótekum en einnig er gott að prófa te, t.d. kúmen, fennel eða anís til að róa magann.

Vaxtaverkir

Pegar barnið er með vaxtaverkir getur **Weledan Arnica Massage Oil** komið að góðum notum. Barnið vaknar á nóttunni við verkina – þá er ágætis forvörn að bera olíuna á áður en barnið fer í rúmið.



Susanne Börjeson

Hjúkrunarfræðingur, vinnur hjá Weleda

Weleda – meira en barnavörur

Hinar náttúrulegu barnavörur Weleda eru mikilvægur og vinsæll hluti af vörum okkar, en við bjóðum miklu fleira en þær. Til dæmis bjóðum við náttúrulegar og lífrænar meðgönguvörur, andlitsvörur og alls kyns aðrar snyrtivörur, svo sem líkamskrem, hárvörur, sápur ofl. Allar þessar vörur eru framleiddar eftir sömu gæðakröfum og barnavörurnar.

Árangursríkar andlitsvörur fyrir mismunandi húðgerðir og ástand húðar

Almond vörulínan er þróuð fyrir viðkvæma húð og húð sem á við tímabundin vandamál að etja. Hjálpar til við að róa og koma jafnvægi á húðina. Ilmefnalaust.

Iris vörulínan er þróuð fyrir blandaða og venjulega húð. Lína sem hjálpar til við að halda jafnvægi á milli raka og fitu.

Wild Rose vörulínan er þróuð fyrir húð sem þarf meiri næringu og vörn. Í þeim er mikill raki og næring sem vinnur gegn öldrunareinkennum.

Við höfum einnig andlitslínu fyrir karlmenn, með rakkremi, after shave lotion og rakakremi.



Frábærar líkamsvörur

Weleda framleiðir nokkrar tegundir af sturtusápum, húðkremum, og olíum. Allar þessar vörur eru framleiddar úr kaldpressuðum jurtaolíum og eru sniðnar að mismunandi þörfum. Þær eru allar framleiddar úr einni aðalplöntu sem einkennir þær, eins og t.d. Hafþyrnislínan, Sítrónulínan, Villirósarlínan og Lavenderlínan. Við bjóðum einnig hreinar nuddolíur, Arnica nuddolíu og olíur sem annað hvort virka róandi eða örvandi, s.s. Lavender Relaxing Oil og Citrus Refreshing Oil.

Birki gegn appelsínuhúð

Í hinu fjölbreytta vöruúrvali Weleda er einnig að finna sérstakar vörur gegn appelsínuhúð; "Birch beauty programme". Vörlínan inniheldur lífræn fæðubótarefni, örvandi olíu gegn appelsínuhúð og body peeling. Allar eru þessar vörur framleiddar úr safi úr birkilaufum sem hafa örvandi og hreinsandi áhrif.

Meðgönguvörur

Á meðgöngu þarfnast líkaminn sérstakrar umhirðu. Weleda býður tvær olíur sem geta reynst hjálplegar. Annars vegar meðgönguolíu sem vinnur gegn slit og hins vegar spangarolíu sem mýkir spöngina og býr hana undir fæðinguna.

Þú finnur nánari upplýsingar um vörunar okkar á

www.weleda.is



Weleda barnavörurnar

- * eru algjörlega lausar við jarðolíur og öll gervi ilm- litar og rotvarnarefni.
- * Innihalda einungis sérlega mild hráefni sem henta viðkvæmri húð barna.
- * Grunnurinn er planta Morgunfrúarinnar sem er lífrænt ræktuð – þekkt fyrir lækningamátt.
- * eru þróaðar í samvinnu við lækna, húðsjúkdómalækna og ljósmæður.
- * eru ofnæmisprófaðar (engar tilraunir með dýr).

Þú færð Weleda barnavörurnar í apótekum,
barnaverslum og heilsuvöruverslun



WELEDA

Weleda var stofnað í Sviss árið 1921 og er leiðandi í framleiðslu náttúrulegra snyrtivara í Evrópu.